

SUNNA

- rekstrarráðgjöf til kúabænda -

Jóhannes Hr. Símonarson
nautriparæktarráðunautur
Búnaðarsambandi Suðurlands

Sunna er heiti á verkefni sem staðið hefur sl. þrjú ár hjá Búnaðarsambandi Suðurlands. Um átaksverkefni er að ræða eða öllu heldur þróunarverkefni í ráðgjöf til kúabænda með það að markmiði að veita rekstrarleiðbeiningar um allt sem viðkemur rekstri á kúabúi.


Þegar nýr bóndi skráir sig í verkefnið er fyrst gerður samningur milli viðkomandi bónda og Búnaðarsambandsins um hvaða verk Búnaðarsambandinu er ætlað að vinna og hvaða gögn bóndi skuldbindur sig til að láta Búnaðarsambandinu í té til að gera ráðgjöfunum kleift að sinna sínu starfi. Í SUNNU er lögð á það áhersla að nýta þau gögn sem bændur hafa nú þegar

yfir að ráða en bónda er ekki ætluð meiri skráning en nú þegar er gerð.

Í upphafi er gerð rekstrargreining á búinu út frá skattframtali og bókhaldi síðasta árs. Í greiningunni fást mikilvægar upplýsingar um hvaða atriði það væru helst þar sem bóndinn gæti lækkað kostnað eða hvaða atriði það eru sem helst þurfa skoðunar við. Sérstök áhersla er lögð á breytilegan kostnað búsins, þ.e. þann kostnað sem sveiflast með framleiðslumagninu því þar er að finna stærstu einstöku kostnaðarliðina s.s. kjarnfóður og áburð. Markmiðið í gegnum allan ferilinn er að hámarka muninn milli búgreinatekna og breytilega kostnaðarins þannig að búgreinatekjurnar aukist án þess að

SUNNA - til sigurs

Samanburður milli ára, kr/innlagðan líter



Mynd 1. Niðurstöðutölur einstakra liða búsins eru settar upp myndrænt og bornar saman við tölur fyrri ára og þannig myndast gott yfirlit yfir rekstur búsins milli ára.

**Framlegð =
búgreinatekjur
mínus breytilegur
kostnaður**

breytilegi kostnaðurinn hækki hlutfallslega jafn mikið. Þessi mismunur á búgreinatekjunum og breytilega kostnaðinum kallast framlegð og hlutfall framlegðar af heildarbúgreinatekjum nefnist framlegðarstig og eru þetta helstu hagfræðihugtök sem bændur þurfa að temja sér.

Framlegðarstig vísar til þess hve mörg prósent af búgreinatekjunum eru eftir til að greiða allan þann kostnað sem eftir er þegar búið er að greiða breytilega kostnaðinn. Reynslan hefur sýnt að bú sem hefur framlegðarstig á bilinu 60-65% getur vel við unað, bú með framlegðarstig 65 og hærra er mjög vel rekið, en bú með lægra framlegðarstig en 60% þarf að leita skýringa og úrbóta á rekstri sínum. Markmið SUNNU-hópsins er skýrt, kjörorðið SUNNA 66 vísar til þess að hver og einn bóndi í verkefninu hefur það að markmiði sínu að ná a.m.k. 66% framlegðarstigi.

Til að ná tilsettu markmiði þurfa menn að fara misjafnar leiðir. Í kjölfar rekstargreiningarinnar er farið ofan í þá liði þar sem menn geta helst bætt sig. Séu menn að kosta meiru til í áburð en eðlilegt getur talist er farið sérstaklega ofan í þann lið ef enga sérstaka skýringu er að finna fyrir kostnaðinum s.s. tímabundin mög mikil endurræktun eða eitthvað slíkt. Á sama hátt er gerð fóðuráætlun fyrir þá aðila sem eyða óeðlilega hárru upphæð í kjarnfóður miðað við afurðastig kúnna. Niðurstöðutölur einstakra liða búsinu eru síðan settar upp myndrænt og bornar saman við tölur fyrri ára og þannig myndast gott yfirlit yfir rekstur búsinu milli ára. (mynd 1.)

Í tengslum við rekstrargreiningu er gerð rekstraráætlun til 5 ára þar sem tekjur og gjöld eru sundurliðuð sem og þau lán sem á búinu hvíla. Þannig er metið hversu fært búið er til að mæta fjárhagsskuldbindingum sínum með s.k. stöðumati miðað við núverandi rekstur og farið í frekari úrvinnslur áætlunarinnar gerist þess þörf, s.s. með bættan rekstur í huga, stækkun búsinu eða fyrirhugaðar framkvæmdir. Á þessu ári hafa allmargir aðilar verkefnisins einmitt farið út í breytingar á fjósum og höfum við ekki séð okkur fært annað en að forgangsraða áætlanagerðinni með tilliti til mikilvægis vegna fjárfestinga. Rekstraráætlunin hefur einnig komið sér vel við að endurskipuleggja fjármagnið sem bundið er í búinu t.d. með því að skuldbreyta þeim lánnum sem óhagstæð eru og léttu greiðslubyrðina. Unnið hefur verið að gerð rekstraráætlanaforrits til að auðvelda þessa vinnu og gera útprentanir skiljanlegri. Óhætt er að segja að fæðing þessa forrits hefur verið erfið en nú hyllir undir betri tíma eftir nokkra barnasjúkdóma eins og títt er um forrit.

**Framlegðarstig =
framlegð deilt með
búgreinatekjum**

Sameiginlegir fundir eru haldnir með þátttakendum einu sinni á ári. Á þeim fundi er afhent samanburðarblað þar sem bændurnir geta séð hvar þeir standa miðað við aðra, t.d. meðalbúið eða aðra bændur með svipaða bústærð. Farið er yfir rekstur ársins og haldin eitt eða tvö erindi um tengd mál. Á síðustu fundum var t.d. velt upp mikilvægum spurningum s.s. “Eru kvótakaup vænleg?” og “Hvaða leiðir eru til úrbóta í rekstri?” Næstu sameiginlegu

fundirnir verða haldnir í desember og verða þeir með hefðbundnu sniði.

Verkefni eins og SUNNA er þróunarverkefni þar sem hafa verður augun opin fyrir nýjungum og tilbreytingu sem byggir þó á ákveðnum grunni sem hefur skapast. Þeir aðilar sem verið hafa með í verkefninu frá upphafi eru orðnir mjög færir í að meta sinn rekstur út frá rekstrargreiningunni og kemur þeim fátt orðið á óvart. Til að mæta auknum kröfum hefur verið ákveðið að koma af stað um næstu áramót s.k. SMS hópum (smáhópar SUNNU), þar sem hugmyndin er að þeir bændur innan verkefnisins sem vilja myndi með sér hóp sem hver samanstendur af 4-5 búum. Á grundvelli SMS verður auðveldara að tala opinskátt um reksturinn og önnur fagatriði þar sem bændur miðla sinni reynslu hver til annars með aðstoð utanaðkomandi ef vill.

Markmið SUNNU er að auka rekstrarvitund bænda sem þátt taka í verkefninu og gera þá hæfari til að reka fyrirtæki um leið og þeir gera okkur hæfari til að veita almennar rekstrarleiðbeiningar.